

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Áður en fjárlaganefndin tók til athugunar gjaldahlið fjárlaganna, ræddi hún um aðalstefnuna í fjármálum að þessu sinni. Kom nefndarmönnum saman um, að í þetta sinn yrði óþjákvæmilegt, að takmarka gjöldin sem mest, svo að frumvarpið þyrfti eigi að fara frá þinginu með verul. tekjuhalla. Höfðu fjárlaganefndir beggja deilda borið sig saman um þetta og orðið á eitt mál sáttar. Fyrst er á það að lita, að tekjurnar eru óvissari nú en áður sökum ýmsra afleiðinga af Norðurálfustyrjöldinni. Þar næst það, að vel getur svo farið, að landsstjórnin verði að gera ráðstafanir til að varna innanlands vandræðum, og þær ráðstafanir kosti nokkurt handbært fje. Loks er peningakreppan, sem gera mun landsstjórninni örðugt, eða jafnvel ókleift, að útvega lán þótt heimild sje veitt til þess.

Nefndin hefir nú athugað fjárlagafrumvarpið og öll þau erindi, bæði frá stjórnarráði og einstökum mönnum, er komið hafa til þingsins varðandi fjárlögin, á 34 nefndarfundum. Leyfir hún sjer að gera nokkrar breytingartillögur á sjerstöku þingskjali og jafnframt eftirfylgjandi athugasemdir:

Við 2. gr.

Við athugun á tekjunum í þessari grein, virtist nefndinni áætlun á 12. lið (vörutollinum) sjerstaklega athugaverð. Þegar stjórnin tiltók upphæðirnar, miðaði hún meðal annars við þá ágiskun, að vörutollurinn 1914 mundi nema 400,000 kr., en reynslan varð ca. 345,000 kr. Nefndin fjekk nú stjórnarráðið til að safna skýrslum um vörutoll, fallinn í gjalddaga 30. júní þ. á., og eftir framkomnum skýrslum nemur þessi hluti vörutollsins f. 1915 nettó kr. 132,268,00

Vörutollur sá, er fjell í gjaldd. frá 1. júlí til 31. des. 1914,
nam netto — 134,160,00

Ef sama upphæð kæmi inn á síðara missiri þessa árs, yrði vörutollurinn kr. 266,428,00

Nefndin telur nú að visu allar líkur til að vörutollurinn verði talsvert hærri en þetta, þó styrjöldin haldi áfram, ef vöruaðflutningar ekki teppast mjög. En henni virðist þó sjálfsagt, að lækka áætlun hans fyrra árið (1916) um 50,000 kr. Þar á móti virðist nefndinni ekki ástæða til, að gera ráð fyrir að styrjöldin standi lengur en til næsta árs og lætur því áætlunina síðara árið óbreytta.

Kaffi- og sykurtollurinn var rannsakaður á sama hátt og vörutollurinn, og kemur þá í ljós að hann hefir numið:

frá $\frac{1}{1}$ — $\frac{30}{6}$	1915 netto	kr. 308,021,00
— $\frac{1}{7}$ — $\frac{31}{12}$	1914 —	— 240,413,47
	eða yfir tvö síðastliðin misseri	-- 548,434,47

Þetta er talsvert herra en áætlun frumvarpsins og þess vegna til upphótar á vörutollinn.

Nefndin leggur til að færa lítils háttar til áætlun fleiri tekjuliða, og sjerstaklega símateknanna. Þar hallast nefndin að áætlun landsímastjórans fyllilega

og vill færa þann lið upp um 10,000 kr. hvort árið. Þær tekjur námu 1914 fullum 203,000 kr. og engar líkur til að þær bregðist, heldur fremur hækki.

Við 4. gr.

Þótt það skifti litlu, leggur nefndin til, að leigur af innstæðu viðlagasjóðs síðara árið sje settar 500 kr. hærri (49,500 kr.). Og væntanleg útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks telur hún óhætt að áætla 15,000 kr. á ári eins og hann nam 1914, því sá útdráttur fer sívaxandi, þótt hann geti oltið á ýmsu frá ári til árs. Í þessari grein hefir gleymst að færa nýjan tekjulið: ágóða af innskotsfje Landsbankans, samkv. lögum nr. 50, 20. nóvember 1913. Pennan ágóða áætlar nefndin eftir fengnum upplýsingum 10,000 kr. f. árið og 14,000 kr. síðara árið. Eins og kunnugt er bætast 100,000 kr. við þetta fje árlega, og er ágóðinn eigi áætlaður nema 4% árlega, en nam 1914 fullum 5%.

Búðahreppur í Suðurmúlasýslu sækir til Alþingis um uppgjöf á eftirstöðvum símaláns, kr. 2,888,89. Landsímastjóri mælir með að uppgjöf sje veitt á 2000 kr. og færir til, að í fyrsta lagi muni þessi hreppur hafa lagt hlutfallslega langmest til síma, og í öðru lagi, að lina sú, er framannefnt lán gekk til, er nú orðinn kafli úr línunni til Hornafjarðar. Nefndin fellst á að veita eftirgjöf á 1500 kr. af nefndu símaláni.

Við 5. gr.

Presturinn á Breiðabólstað í Fljótshlíð fer nú eins og fyr fram á, að árgjaldinu af brauðinu megi verja til jarðabóta á prestsetrinu. Af sömu ástæðum eins og fjárlaganefndin 1913, leggur nefndin nú til, að tekin sje upp sama athugasemd í 5. gr. sem í nágildandi fjárlögum.

Við 9. gr.

Landsbankastjórnin hefir farið þess á leit við Stjórnarráðið, eftir beiðni landsfjehirðis í brjefi dags. 9. des. f. á., að hækkað sje fje það, er í fjárl. er veitt til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum (sjá 6. lið). Stjórnin virðist ekki hafa fundið ástæðu til þessarar hækkunar. En nefndin lítur svo á, að eðlilegt sje að borga beinan kostnað til þessa eftir reikningi, og eru af landsfjehirði færð rök að því að 5000 kr. á ári hrökkvi eigi, og fer þó eigi sjálfur fram á launahækkun.

Nefndin leggur því til að liður þessi sje hækkaður um 500 kr. á ári.

Við 10. gr.

Stjórnin hefir miðað alþingiskostnaðinn við alþingisreikningana fyrir 1913. Nú hefir nefndin látið 2 menn, sinn úr hvorri fjárlaganefnd deildanna, fara í gegnum alla alþingisreikningana 1913, og er álit þeirra, að miðað við þá reikninga sje full-riflega áætlað til alþingiskostnaðar fyrir reglulegt þing 75,000 kr. Í reikningunum fyrir 1913 er ýmislegur kostnaður óvenjulegur, svo sem þinghúsgarðsbygging, ásamt fleiru garðinum viðvikjandi, sem ekki er alm. árskostnaður. Mikill kostnaður við að koma í lag skjala- og bókasöfnum Alþingis, sem ekki verður endurtekinn. Loks eru ýmsir gjaldliðir hærri á þessum reikningi en þörf er á, þar á meðal ljós og eldsneyti. Af þessum ástæðum felst nefndin á, að færa áætlun alþingiskostnaðar ofan í 75,000 kr.

Aftur á móti býst nefndin við, að nú verði kosnir 3 yfirskoðunarmenn landsreikninga, og leggur því til, að upphæðin til þeirra sje hækkuð um þriðjung.

Við 11. gr.

Nefndinni barst erindi frá fyrv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, þar sem hann býður fram framhald af efnisyfirliti yfir stjórnartíðindin fyrir árin 1904—1914, ef hann fengi alt að 50 kr. fyrir hverja ör. Fyrv. ráðherra Sigurður Eggerz hafði tekið vel í að leggja til við þingið um fjárveiting til þessa. Nefndin telur rjett, að fje sje veitt til þessa, og vill þá að árið 1915 sje tekið með. Hún leggur því til að alt að 500 kr. sje veittar til ritlauna fyrir yfirlitið jafnhliða öðrum kostnaði við stjórnartíðindin.

Ráðherra hefir munnlega stungið upp á því við fjárlaganefndina, að alt að 1000 kr. væri veitt fyrra árið til þess að gefa út á erlendu máli bók um landshagi Íslands. Nefndin áltur mjög nauðsynlegt að slík bók sje gefin út, til þess að útlendingar geti fengið aðgengilegar upplýsingar um hag landsins, er sjeu svo rjettar sem best eru fong á. Að vísu munu í slíkri bók verða að miklu leyti sömu skýrslur og í væntanlegri árbók Hagstofunnar, en auk þess ætti að vera í bókinni lesmál til frekari skýringar og helst víðtækari upplýsingar um land og þjóð, en Hagstofan hefir tök á að gefa í árbók. Slík bók er mun auðlesnari fyrir alla ókunnuga en hagárþækur, sem eru eingöngu töflur. Þótt fjárveitingin sje sett á fyrra árið, áltur nefndin að það geti verið undir atvikum komið, hvort árið hún verði notuð, því að vel getur verið að hagstofan standi betur að vígi með að gefa hana út síðara árið, er henni hefir unnist meiri tími til þess að vinna úr hinum ýmsu greinum hagskýrslanna, og bókin geti þess vegna orðið fullkomnari en ella.

Um 1. og 2. lið (stjórnartíðindin og Hagstofuna) vill nefndin geta þess, að henni virðist þeir rjettar settir í 9. gr.

Eftir tillögu yfirskoðunarmanns landsreikninganna, þess er sæti á í nefndinni, leggur hún til, að liðurinn B. 3 skiftist í tvent, burðargjöld embættisbrjefa og símakostnað. Nefndin furðar sig á, hve stjórnin áætla mikla hækkun á þessum lið frá fyrri árum; býst við að 14.000 kr. á ári muni nægja, er skiftist þannig, að til brjefburðargjalds veitist 6000 kr., en til símakostnaður 8000 kr.

Fje til embættiseftirlitsferða er hækkað frá gildandi fjárlögum um $\frac{2}{5}$ eða 1000 kr. á ári. Nefndinni virðist meðalvegur þar á milli muni nægja, og stingur upp á 500 kr. lækkun. En þar með vill hún þó alls ekki draga úr rækilegu eftirliti, enda eru þetta áætlaðar upphæðir.

Miklar umkvartanir komu fram til þingsins frá þeim, sem hafa haft með höndum eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga (B. 7), hve örðugt sje að fá jafnmikil fjárframlög til þessa, annarsstaðar að, á móti landssjóðstillaginu. Meiri hluti nefndarinnar telur sanngjarn að taka tillit til þessa og leggur nefndin því til að slaka til á skilyrðinu ofan í þriðjung á móti $\frac{2}{3}$ úr landssjóði, og að hækka fjárveitinguna um 1000 kr. á ári af þessum ástæðum.

Frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu hefir komið beiðni um peningaskáp handa embættinu, sem ekki verður undan komist fremur en þeim sem stjórnin hefir tekið til greina (B. 11); skápana þarf því 4. Nú hefir nefndin fengið þær upplýsingar, að mikill fjöldi þeirra járnskápa, er hingað til hafa verið keyptir,

reynist ótryggir í miklum bruna, og að varla fáist innan við 250 kr. öruggir skápar, þótt smáir sjeu. Leggur hún því til að Rangárvallasýslu sje bætt við og liðurinn sje færður upp í 1000 kr.

Við 12. gr.

Jón læknir Kristjánsson í Reykjavík sækir um 1000 kr. styrk á ári til þess að stunda hjer lækningar á lækningastofu, sem hann er að stofna fyrir »Fysiotherapie«. Það eru ýmsar útvortis aðgerðir með rafurmagnsbóðum og bókstrum, ljósbóðum o. fl. í sambandi við nuddlækningar. Hefir hann aflað sjer, samkvæmt vitnisburðum, er fyrir liggja, sjerþekkingar í þessum efnum, og að mestu komið upp áminstri lækningastofu. Áður hefir hann haft mikla aðsókn sem nuddlæknir. Hann hefir skýrt nefndinni frá, að áhöld þessi ásamt niðursetningu, rafurmagnsleiðslu og aðgerð á húsrúmi því, er hann hefir leigt til þessa, muni kosta alt að 7000 krónum. Nefndinni er ljóst að það er hin mesta þörf á þessum fyrirhuguðu lækningum, engu síður en öðrum lækningum, sem styrktar eru, og að reksturkostnaður á þessari lækningastofu eru mjög mikið aukin árleg útgjöld fyrir umsækjandann sem nuddlæknir. Hún treystir sjer þó eigi til, að mæla með árlegum styrk, en leggur til að ljett sje undir með stofnkostnaðinn með helmingsframlagi úr landssjóði, alt að 3500 kr.

Farið er fram á að auka 7. lið í kostnaði holdsveikraspítalans um 300 kr. f. á. til þess aðallega að kaupa nýja eldstó. Fyrir þessu eru færð svo góð rök, að nefndin felst á slíka fjárveiting.

Sjúklingar holdsveikraspítalans hafa ritað Alþingi brjef 7. f. m. þess efnis að þingið veiti fje til þess að koma á miðstöðvarbitun í spítalanum, og færa þar einkum til hinn mikla reyk, er ríki iðulega í flestum herbergjum spítalans af ofnunum, svo að oftlega sje ógerningur að leggja í ofnana. Spítalalæknirinn hefir einnig ritað þinginu 30. f. m. um sama efni. Fylgir erindi hans sundurliðuð áætlun um kostnaðinn, er nemur ca. 22,000 kr., en þar upp í kæmi andvirði ofnanna, eftir áætlun fróðs manns eigi minna en 1700 kr. Færir læknirinn sömu aðalástæðu og sjúklingarnir, en auk þess óþrif af reyk og kolaryki svo og kolaeyðslu, sem stafar af þessum fjölda ofna í spítalanum. Loks getur hann þess að talsverðar tilraunir, en árangurslausar, hafi verið gerðar til að lagfæra þessa reykning ofnanna.

Vegna sparnaðar þess, sem nefndin telur óhjákvæmilegt að viðhafa í þetta sinn um fjárframlög landssjóðs, getur hún ekki mælt með, að lagt sje út í þennan kostnað nú. En hún felst á að rjett sje og hyggilegt, að koma upp miðstöðvarhitun í spítalann eins fljótt og fjárhagur leyfir.

Byggingafræðingur Rögnvaldur Ólafsson hefir að tilhlutun stjórnarinnar farið utan til þess að kynna sjer byggingar á geðveikrahælum, í því skyni að leggja ráð á og standa fyrir viðbótarbygging geðveikrahælisins á Kleppi, sem ekki verður hjá komist. Sökum heilsubrests voru teikningar og áætlanir hans í þessu efni ekki svo á leið komnar, að málið yrði fullbúið lagt fyrir þetta þing. En Rögnvaldur gerir þá tillögu, að í þessum fjárlögum væri ætluð nokkur upphæð til undirbúnings slíkri byggingu, með því að þá væri hægt að hafa ódýrari vinnu (vetrarvinnu) til efnisaðdrátta o. fl. Nefndin felst á þetta, og leggur til, að hvort árið sje veittar 5000 kr. Getur þá landsstjórnin, ef hún sjer ástæður til að flýta

verki þessu, látið byrja veturinn 1916—1917 og fengið í fjárukalögum 1917 viðbót til áframhaldsins.

Með þeirri fjárveiting til heilsuhælisins á Vífilsstöðum, sem stjórnin hefir tekið upp í fjárlagafrumv., er alls ekki sjeð fyrir því, að heilsuhælið geti rekið starf sitt áfram, og er auðsætt á athugasemd stjórnarinnar, að henni er þetta að vísu ljóst, en hún skýtur því máli að öllu leyti til þingsins, hvað gera skuli. Býst þó við, að fjárveitingin til hælisins þurfi 10,000 kr. hærri á ári en sú, er hún til tekur. Nefndin hefir nú athugað þetta mál eftir föngum og rætt það á ýms-um fundum sínum. Hún hefir fengið sem nákvæmastar skýrslur frá heilsuhælisstjórninni, sem að sumu leyti birtast með nefndarálitinu (fskj. I. A.—C.) og auk þess munnlegar upplýsingar. Loks hefir nefndin rætt þetta mál á sameiginlegum fundi við fjárlaganefnd efri deildar. Niðurstaðan af þessu hefir orðið sú, að fjárlaganefndin leggur það til, að *landsstjórnin taki við af heilsuhælisfjelaginu rekstri og umsjón heilsuhælisins á Vífilsstöðum þegar við næstu áramót*, eins og líka var ráð fyrir gert á aukþinginu í fyrra. En nefndin er ófáanleg til að leggja fram svo mikið fje, að þau *meðgjafarkjör* sjúklinga, sem nú eru, haldist. Hún áskilur því, að meðgjöf sjúklinga hækki eins fljótt og við verður komið, og ekki síðar en um næstu áramót, þannig, að dagsmeðgjöf í sambýlisstofum sje 2 kr. á dag, og í einbýlisstofum í hlutfalli þar við. Fæði, húsnæði, þjónusta og aðhlyning á heilsuhælinu nú er ódýrari, en nokkurar líkur eru til að fáist nokkursstaðar hjer í Reykjavík, og nær ekki helmingi af því, sem það nú í dýrtíðinni kostar stofnunina.

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun um reksturskostnaðinn og tekjur á móti (sbr. fylgiskjölin) er tekjuhalli um 35,000 kr. hvort árið 1916 og 1917. Þessa upphæð leggur nefndin til að þingið veiti nú. Í þessari áætlun er ekkert gert fyrir skuldarentum hælisins nje sjálfsgöðustu atborgunum. Fyrir því ætlar nefndin hækkun þá, sem felst í tekjum við meðlagshækkunina, og er þá tæplega gert ráð fyrir, að viðlagasjóður fái vexti af því fje, er heilsuhælið skuldar honum. Í tekjuáætlun heilsuhælisins er ekki gert ráð fyrir neinum tillögum heilsuhælisfjellagsins, nje heldur gjöfum, áheitum eða slíku, heldur ekki vöxtum af sjóðum þeim, er heilsuhælinu eru tileinkaðir. En alt þetta ætlast nefndin til að geti gengið til ívilnunar á meðgjöf sjúklinga, enda hefir heilsuhælisfjellagið umráð yfir slíku fje. Væntir nefndin þess, að heilsuhælisfjellagið starfi eigi ósleitilegar en hingað til að fjársófnun til heilsuhælisins, og mætti þá svo fara, að meðgjafarhækkunin, að minsta kosti með tímanum, yrði ekki til þess að fyrirmuna fátækum einstaklingum vist á hælinu, heldur jafnvel þvert á móti.

Minningarsjóður Kristjáns Jónssonar leggur til meðlag með einum sjúklingi ár hvert, og hrökkva vextirnir þó ekki til fullrar ársmeðgjafar. Handbærir vextir af öðrum sjóðum gera þegar ríflega annað eins (4—500 kr. á ári), en þeir fara vaxandi. Frá heilsuhælisfjellaginu getur maður vænst eftir (miðað við reynsluna) ekki innan við 5000 kr. á ári í tillögum, gjöfum, áheitum og því, er inn kemur fyrir ártíðaskrár. Af þeirri upphæð getur þriðjungur allra sjúklinga á hælinu fengið ívilnun, sem nemur eins miklu eða meira en hækkun meðlagsins.

Nefndin er sannfærð um að það mundi bæta hag heilsuhælisins, einkum draga úr fæðisútgjöldum þess, ef rekinn væri búskapur á hælinu, og er þá aðallega um kúabú að ræða. Nú er öll mjólk (150—200 pottar á dag) keypt dýrum dómum, og flutningskostnaður mikill að auki. Heimafengin mjólk ætti, að öllu

sjálfráðu, að vera besta og ódýrasta fæðistegundin á hælínu. Jörðin Víflsstaðir getur þegar fóðrað nokkrar kýr, og með kúabúi tekið mikilli útgræðslu á túni. Nefndin vill því að þegar á næstu árum sje gerður undirbúningur til þess að stofna þar kúabú. Í þeim tilgangi leggur hún til að veittar sje 5000 kr. f. á. til þess að koma upp fjósi fyrir 15 kýr ásamt hæfilega stórri hlöðu, svo og áburðarhúsi.

Við 13. gr. B. (Vegabætur).

Fjárlaganefndinni var ljóst, að svo framarlega, sem tekjuhalli fjárlaganna ætti fremur að lækka en hækka, þá yrði eigi hjá því komist, að fresta einhverjum þeim meiri háttar fjárveitingum í stjórnarfrumvarpinu, sem í venjulegu ári mætti telja sjálfsagðar, og þar á meðal einnig fjárveitingar til vega. Ráðgaðist hún við landsverkfræðinginn um þetta. Ljet hann í ljós, að ef nefndin væri ráðin í að minka vegafjeð, þá mundi saka tiltölulega minst, þótt þjóðvegafjeð væri lækkað, einkum sökum þess, að í stjórnarfrumvarpinu væri tekin til á liðnum B. III. 8. helmingi hærri upphæð en hann hafði stungið upp á. En hann gat þess jafnframt, að óhjákvæmilegt væri að veita nú fje til tveggja brúa, sem þó væri ekki á landssjóðsvegi, sem sje brúar á eystri ós Hjeraðsvatna og brúar á Miðfjarðará á Langaneströndum. Hjeraðsvatnabruin er nú svo fúin, að full mannhætta er að fara hana og verður ekkert undanfæri að gera þar nýja brú á næsta ári, og gat þess, að brúarkostnaður þar mundi verða nál. 35,000 kr. Miðfjarðarárbrú var byggð í fyrra samkvæmt fjárveitingn Alþingis og með yfirumsjón landsverkfræðings; var það steinsteypubrú, og gróf undan öðrum brúarstöpli, svo brúin fjell niður næstliðið vor í vatnavöxtum; gat hvorugur verkfræðingurinn verið sjálfur við brúargerðina, heldur einn af vegaverkstjórunum, sá er vanastur var brúargerðum. Taldi landsverkfr. skylt að koma brú þessari upp aftur af hálfu landssjóðs, því kenna mætti um ófullkomnum umbúnaði. En sama brúarstæði væri nú eyðilaggt, og á öðrum stað yrði brúin dýrari eða um 8500 kr. Nefndin felst á, að ekki verði hjá því komist, að leggja fje til ofanefndra tveggja brúa, til Hjeraðsvatnabruarinnar 25,000 kr. og til Miðfjarðarárbrúar 7,000 kr. gegn því er ávantar annarstaðar að.

Á móti þessum tveimur fjárveitingum kemur svo sjálfsögð lækkun á B. III. 8. úr 32,000, kr. hvert árið ofan í 16,000, og stenst þetta á. En þar að auki virðist nefndinni ekki verða hjá komist að lækka vegafjeð eitthvað og ræðst þar á:

- a. B. II. 3. Skagfirðingabraut annað árið, og er það með tilliti til þess, að hjálpa verður við Hjeraðsvatnabruinni. Að öðru leyti er nefndin ófús á að raska við fjenu til flutningabrauta.
- b. B. III. 1. Stykkishólmsveg annað árið. Eftir skýrslu landsverkfræðings hefir á veginum á milli Stykkishólms og Borgarness verið unnið meira að nýrri vegagerð tiltölulega en á nokkrum öðrum þjóðvegi, síðan hann komst í þjóðvegatölu, og er því sanngjarnara, að þar sje klipið af en víðast annarstaðar.
- c. B. III. 5. Öxnadalsveg. Nefndin telur bagaminna að þessum vegi sje frestað af því hann má teljast allvel reiðfær.

Nefndin býst við, að þegar raskað er áætlun þeirri, er landsverkfræðingurinn hefir gert um vegagerðir þessar á fjárhagstímabilinu, þá mundi hagkvæm-ara, að greina fjárveitingarnar ekki sundur í fjárlögunum á milli áranna, heldur

láta stjórnina hafa frjálssar hendur í því efni. En nefndin kemur þó ekki með breytingartillögur í þá átt að þessu sinni.

Um fje til sýsluvega vill nefndin taka þetta fram. Jafnvel þótt það yrði aðalreglan, að krefjast að eins jafnmikils tillags úr hjeraði, gæti komið til mála að styrkja vegagerð, þar sem rjettlátt væri að krefjast *meira* tillags á móti landssjóðsstyrknum, og vill nefndin breyta skilyrðinu í þá átt. Þá leggur og nefndin til, að stjórnin setji með reglugerð fleiri skilyrði fyrir slíkum styrkveitingum, og miðar hjer við bendingar landsverkfræðings, samkv. fylgiskj. B. við stjórnarfrv. (A bls. 82). Nefndin vill ekki gera neinar ákveðnar tillögur um sundurliðun á þessu fje til sýsluvega, en ætlast þó til, að sýsluvegir þeir, sem byrjað er á með landssjóðsstyrk, en ekki lokið, sitji fyrir öðrum með hæfilegu áframhaldi.

Nefndin leggur til, að veittar sje 800 kr. til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju. Það er rúmur helmingur áætlaðs kostnaðar til að koma ferjunni upp. Hjer er mikil umferð sumar og vetur, jafnvel af langferðamönnum. En aðallega er þó ferjan til þess að gera heilum hreppi ljettara að ná til flutningabrautarinnar frá Húsavík og nota vagna heim til sín.

Hækkunin, 200 kr. f. á., sem nefndin stingur upp á við B. I. 3., er sökum hækkaðrar húsaleigu, sem nefndin væntir þó, að ekki verði nema í bili.

Við C.

Þessum lið frestar fjárlaganefndin þangað til álit strandferðanefndarinnar er fram komið.

13. gr. D. Símar.

Mjög var rætt um það í nefndinni, að fresta nýjum simalagningum um næsta fjárhagstímabil af 2 ástæðum: Í fyrsta lagi mikilli verðhækkun á efnunum öllum til síma, sem væntanlega lagaðist, þegar Norðurálfríðurinn hætti, og í öðru lagi sökum hræðslu við peningakreppu. En á móti þessu mælir í *fyrsta lagi*: hrýn þörf einstakra kauptúna og sjávarþorpa, sem enn vantar síma, og óðum eiga ördugra í samkepnri við önnur kauptún og sjóþorp í verslun og fiskiveiðum. Í öðru lagi það, að simalögin *skipa* fyrir um að hafa tekjuafgang landssímans til nýrra simalagninga (3. fl. síma) á meðan á þarf að halda. En tekjuafgangur sá verður varla áætlaður minna en 100,000 kr. á ári, heldur að líkindum meiri. Þessi afgangur má því ekki brúkast til annara þarfa landssjóðs, nema full lög-mæt undanþága sje gerð frá gildandi ákvæðum simalaganna. Vera má og, að styrjöldinni ljetti áður langt líður, og alt færirst strax á næsta ári í vænlegt horf um verð á vörum, um tekjur landssjóðs og um peningaúttegi, ef á liggur, og kæmi sjer þá illa, ef hendur stjórnarinnar væri svo bundnar, að hún gæti ekkert látið vinna að simalagningum. Nefndinni hugkvæmdist því sá vegur, að láta fjárveitingarnar til simalagninga standa óbreyttar, en veita stjórninni heimild, með athugasemd við þenna lið, til þess að fresta framkvæmdunum, ef fyrirsjáanlegt væri, að tekjur landssjóðs hrykkju eigi, og telur hún þar með gefna lög-mæta undanþágu frá simalögunum í þessu atriði, og megi þá verja tekjunum til annara útgjalda.

Nefndin telur rjett, að það sje á valdi stjórnarinnar, með ráði landssíma-stjóra, að ákveða, ef til kemur, hverja síma á að leggja með hinum veittu fjárhæðum, eftir þeim skilningi, sem hún hefir á eindögunum, og eftir því sem hún

að öðru leyti lítur á kringumstæður. Ákveður þá stjórnin jafnframt um framlög þau, er hjeruðum er gert að leggja á móti.

Þær breytingartillögur til hækkunar, sem nefndin gerir á D. IV. 4. og 8., eru í samræmi við samskonar hækkanir í fjárukalagafrumvarpinu, spróttnar af sívaxandi kröfum til símaþjónustunnar, framkomnum eftir það að fjárlagafrumvörpin voru undirbúin. Má með sanni segja, að síminn gefi svo góðar tekjur og að fullkomin símaþjónusta borgi sig svo vel, að það ætti sist að halda hjer mjög í. En þó hefir nefndin tekið minni hlutann til greina af því, sem landssímastjóri fer fram á, og vill um leið gefa til kynna, að hún ætlast til alls þess sparnaðar á þessu ári, sem unt er og ekki skaðar símann. Hún felst á með landssímastjóra, að veita fje til nauðsynlegrar útfærslu á bæjarsímanum á Akureyri (9000 kr.), því auk þess sem það er skylda, að taka þar á móti nýjum notendum hindrunarlaust, væri hið gagnstæða sama sem að neita sjer um aukinn hagnað á stöð þessari. Þá telur og nefndin rjett, að leggja fram fje til þess að kaupa peningaskápa. En hún vill geta þess um leið í þessu sambandi, að þar sem landssjóður á sjálfur símastöðvarhús til frambúðar, ætti að koma upp eldföstum múrhólfum. Sama bending ætti og við um póstaðgreiðslustöðvar og sýsluskristofur, ef þær eru á föstum stað.

Erindi frá þingmönnum Norður-Múlasýslu til nefndarinnar fer fram á :

»að landssíminn endurgreiði þeim einstökum mönnum kr. 1000,00, er þeir lögðu til síma á milli Hofs og Vopnafjarðar sumarið 1906, þareð leið þessi er nú orðin aðalleið landssímans á þessu svæði«.

Erindi sama efnis kom til aukabingsins 1914, og fjárukalaganefnd þá fer um það svofeldum orðum í nefndarálitu sínu (Alpt. 1914 A. bls. 240—241):

»Nefndin álitur í alla staði sanngjarnt, að ofannefnd upphæð sje endurgreidd af þeim ástæðum : 1. að tillagið frá Vopnfirðingum til nefndrar línu var hærra að tiltölu en tíðast hefir verið um slík tillög úr hjeraði, og 2. að nú við færslu símalínunnar af Smjörvatnsheiði á Hellisheiði, verður þessi Vopnafjarðarlína partur af aðallinu. En þá virðist nefndinni rjett, að telja endurgreiðslu þá, er hjer ræðir um sem kostnað við hina nýju línu á Hellisheiði«.

Hjer er auðsætt, að nefndin ætlaðist til að upphæð þessi yrði endurgreidd, og að hún tækist af símaláninu, eins og kostnaðurinn við Hellisheiðarlínuna. Þessu er fjárlaganefndin nú alveg sammála.

Við 13. gr. E. (Vitar).

Stjórnin hækkar laun umsjónarmanns vitanna upp í 4000 kr. Þetta getur nefndin fallist á, en vill að því sje hagað til eins og um landsverkfræðinginn, að af þessu sje 3600 kr. hin ákveðnu laun, en 400 kr. persónuleg hækkun, fyrir lengri þjónustu og meiri reynslu. Enn fremur eru aðstoðarmannslaunin hækkuð í 2500 kr. Vegna þess að aðstoðarmaðurinn, sem hjer er átt við, er rafmagnsfræðingur Guðmundur Hliðdal, felst nefndin á þessa hækkun, með þeirri athugasemd við liðinn, að hann sje jafnframt skyldur til, að gefa einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningar um rafmagnsveitu til heimilisnota.

Eins og nefndin hefir eigi sjeð sjer annað fært, en að ráða til sparnaðar á vegafje og til undanþágu frá símalöggunum um nýjar símalagningar, eins sjer

hún eigi annað fært, en að ráða til frestunar á vitabyggingum að mestu leyti þetta fjárhagstímabil. Undantekur hún þar einungis Straumnessvita (E. IV. c.). Í því sambandi leggur hún og til, að liðurinn E VI. lækki í 1500 kr. á ári, eins og hann er í núgildandi fjárlögum, því hækkunarinnar sje þá síður þörf. Einnig fellur niður af sjálfsgöngu reksturskostnaður, sem áætlaður er (sbr. aths. stj.frv. A. bls. 55) til þeirra vita, sem nefndin leggur til að feldir sje burt af frumvarpinu.

Eftir tilmælum vitaumsjónarmanns leggur nefndin til, að veitt sje til leiðarljóss á Gerðatanga 100 kr. árlega, eins og verið hefir.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að rjettara sje, að haga fjárveitingum til launa og reksturskostnaðar vitanna, að forminu til, eins og verið hefir og er í gildandi fjárlögum, og er það óneitanlega fljótlegra yfirlits fyrir þingmenn. Leggur nefndin til, að forminu sje breytt í þá átt, og fer eftir sundurliðuninni í athugas. á bls. 55, að öðru leyti en því, að einstakir liðir falla burtu samkvæmt framansögðu, og svo eftir leiðrjettingunni aftan við stjórnarfrumvarpið.

Í þessu sambandi vill nefndin geta þess, að annar yfirskoðandi landsreikninganna hefir bent nefndinni á misræmi, sem átt hefir sjer stað um það, hvernig landsverkfræðingarnir reiknuðu sjer fæðispeninga eða dagpeninga á ferðalögum sínum. Stundum væri t. d. reiknaðar 6 kr. á dag, stundum 8 kr. Nefndin lítur svo á, að hjer ætti að vera fult samræmi á, og að dagpeningar þessir ættu ekki að fara fram úr 6 kr. á dag. Væntir hún þess, að stjórnin komi því til leiðar eftirleiðis.

Við 14. gr. A.

Samkv. því sem háttv. deild var skýrt frá, við 3. umr. fjárukal. fyrir 1914 og 1915, hefir biskup farið fram á hækkun á bráðabirgðauppbót brauða frá því sem er í stjórnarfrumv. fyrir bæði árin 1915 og 1916, 500 kr. hvort árið. Ástæðan fyrir þessu er, að af rúml. 30 prestum, sem sitja í embættum við gömlu launakjörin, eru 12 innan við sextugsaldur, sem hafa talsvert lægri laun en þeim bæri, eftir nýju prestlaunalögunum. Úr þessum mismun vill biskupinn geta dregið sem mest, og verður þó ekki til hlítar, með þeirri hækkun, sem hann fer fram á. Nefndin hefir fallist á þessa hóflegu málaleitun, enda verður þá fjárveitingin jöfn og í gildandi fjárlögum.

Í öðru lagi hefir biskup farið fram á hækkun á A. b. 3, viðbót við eftirlaun etc. úr 4000 kr. hvort árið, upp í sama og í núgildandi fjárlögum eða 5000 kr. Færir hann til, að bæði fjölgi ekkjum, sem á þessum lið hvíla og eins nefnir hann tvo presta, tiltölulega unga, sem sökum varanlegs heilsubrests muni láta af embætti, en eru fátækir fjölskyldumenn. Annar þeirra, sjera Lárus Halldórsson frá Breiðabólstað á Skógarströnd, liggur nú á heilsuhælinu á Vífilsstöðum, og hefir ritað Alþingi beiðni um styrk, sem hann vissulega þarfnast, og nefndin vill taka tillit til. Ennfremur hefir ekkjan Guðrún Johnsen í Khöfn sótt um eftirlaunaviðbót og vill nefndin mæla með, að sú ekkja fái sem svarar 100 kr. viðbót á ári. — Að öllu þessu athuguðu felst nefndin á, að liður þessi verði að hækka, eins og biskup fer fram á, um 1000 kr. hvort árið.

Söfnuður Stafafellssóknar hefir boðist til að taka við kirkjunni með 600 kr. álagi. Stjórnarráðið óskar, að upphæð til þessa sje tekin í fjárlögin, því álagið sje ekki ósanngjarnt. Nefndin hefir athugað þetta og felst á það.

14. gr. B.

Nefndin leggur til, að liðurinn B. I. a. hækki um 600 kr. á ári; þar af laun próf. B. M. Ólsen 200 kr. samkvæmt því, sem ráðherra skýrði frá við 3. umr. fjáráukalaganna fyrir 1914—15, en 400 kr. persónuleg launaviðbót við dósent Sigurð Sívertsen. Dósentinn fer fram á 600 kr. árlega hækkun, þar af 200 kr. til þess að tryggja sjer lítinn ellistyrk. Nefndin viðurkennir, að kennari þessi eigi samkvæmt stöðu sinni við Háskólann örðugra með en hinir dósentarnir, að vinna sjer inn launaviðbót með aukastörfum, svo sem ritstörfum, og finst sanngjarnt að hækka laun hans, samkvæmt ofansögðu.

Nefndin stingur upp á að lækka liðinn B. I. d. 1. um 200 kr. á ári, og hefði farið fram á meiri lækkun að þessu sinni, ef hún byggist eigi við á næstu árum, samkvæmt brjefi frá rektor háskólans 12 f. m., einhverjum sjerstökum bókakaupum vegna kenslunnar sem nýstofnuð er í klassiskum fræðum.

Af sparnaðarástæðum vill nefndin leggja til að liðurinn til útgáfu kenslubóka B. I. e. sje lækkaður að þessu sinni úr 2500 kr. ofan í 2000 kr.

Stjórnin hefir gleymt, að taka í frumvarpið hina venjulegu upphæð til söngkenslu við mentaskólann, og tekur nefndin hana því upp, 600 kr. á ári, samkvæmt ósk stjórnarinnar, undir B. II. b. Rektor mentaskólans hefir mælt til, að upphæð sú, sem veitt er fyrir umsjón með húsum og áhöldum mentaskólans sje feld niður, og hann hafi umsjónina án sjerstakrar borgunar, en fái í notum þess ókeypis ljósmeti og eldsneyti af efnum skólans. Felst nefndin á þetta og leggur því til, að færa nefnda upphæð til liðsins B. II. d. 2. (til eldiviðar ljósa og vatns).

Meiri hluti nefndarinnar vill eigi, að þessu sinni, leggja til að fella niður eða lækka verulega námsstyrk og húsaleigustyrk við skólann. Hinsvegar álitur hún mjög athugavert fyrirkomulag það, sem nú er, að öll kensla sje ókeypis og auk þess talsverður styrkur veittur nemendum úr landssjóði. Telur nefndin að af þessu hljóti að leiða að unglingar teygist frá öðru hagnýtara námi til mentaskólans og álitur það mjög óholt. Skapar þetta fyrirkomulag hóp af atvinnulausum mentamönnum, en þá menn vantar tilfinnanlega, er mentun hafi fengið til hagnýtari starfa. Litur nefndin svo á, að rjett væri að koma á föstu skóla- eða kenslugjaldi með hæfilega mörgum »fríplássum« fyrir fátæka efnilega menn, og ef til vill gert ráð fyrir einhverjum peningaverðlaunum, til sjerstaklega efnilegra, en fjelausra manna. Nefndin leyfir sjer að skjóta þessu til stjórnarinnar til íhugunar, í von um að hún sjái sjer fært að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur í þessa átt.

Breytingartillaga III b. 1 (gagnfræðaskólinn á Akureyri) er gerð í því skyni að bæta 200 kr. á ári við laun Lárusar Rist aukakennara. Laun hans sem leikfímiskennara hafa til þessa aðeins verið 600 kr., og með þeim kjörum er hæpið að hægt sje að halda honum við skólann.

Við liðinn B. IV. hefir nefndin það að athuga, að henni þykir ekki í þetta sinn ástæður til, að leggja í mikinn kostnað við lóð kennaraskólans, og leggur því til, að undirliðurinn b. 8., 1500 kr. f. árið falli burt.

Formaður stýrimannaskólans fer þess á leit, að veitt sje fje til þess að gefa út siglingafræði á íslensku. Færir hann til, að nám af útlendum bókum verði torveldara fyrir þá, sem skólann sækja og lítt eru undirbúnir, en auk þess sje þörf á að bæta sjómálið með íslenskri kenslubók í aðalfræðigreini skólans. Hann gerir

sjer von um forleggjara að bókinni og býst við að ráðast í að semja hana, ef fje verði veitt til þess. Nefndin telur þetta mjög nauðsynlegt, og leggur til að veitt sje til þess alt að 45 kr. fyrir hverja örku upp að 900 kr. alls (B. V. b.).

Sótt hefir verið um hækkun á kaupum smíðakennarans við bændaskólann á Hólum (B. VI., 1.) því sýnilegt sé, að hann haldist þar ekki við með lægra kaupum en hann fær annarstaðar við smíðar. Smíðakennarinn þykir vel hæfur til starfsins og kenslan gefa góða raun. Leggur nefndin til að 200 kr. á ári sé veittar til þessa, og að fela megi svo smíðakennaranum teiknikenslu jafnframt.

Í sambandi við bændaskólana vill nefndin geta þess, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa að sögn ekki fengið til eftirlits neina reikninga eða skýrslur viðvikjandi búum og jörðum bændaskólanna. Nú er svo hagað um þetta, að skólajarðirnar Hólar og Hvanneyri eru bygðar skólastjórunum, með allri áhöfn í lifandi peningi og dauðum munum, fyrir ákveðna ársleigu í peningum. En leiguna getur svo leigjandi borgað með jarðabótum, er tilkveðin matsnefnd fyrir hvern skóla metur árlega og sendir skýrslur um til Stjórnarráðsins. Munu jarðabæturnar hingað til hafa fyllilega náð upp á móti áskildum afgjöldum. — Nefndin telur nú rjett, að hinar árlegu skýrslur matsnefndanna, ásamt reikningum bændaskólanna, sé lagðar fyrir yfirskoðunarmenn landsreikninganna, því þeir eiga að líta eftir öllum starfsrekstri á landsbúinu, hvort sem hann stendur í beinu eða að eins óbeinu sambandi við landsreikningana.

14. gr. B. (IX—XVIII).

Frú Jónína Sigurðardóttir Líndal á Akureyri sækir um alt að 1200 kr. styrk á ári til þess að halda uppi húsmæðraskenslu í gróðrarstöðinni á Akureyri, og skýrir frá, að hún hugsar sjer þetta sem bráðabirgðarástöfun á meðan ekki sje komið á fót reglulegum húsmæðraskóla í sveit, sem hún mælir mjög með. Nefndin felst á að veita 1000 kr. hvort árið í þessu skyni, og með sama fyrir augum sem frúin tekur fram í þessu sambandi.

Frá húsmæðraskóla á Eyrarbakka hefir einnig komið beiðni um 200 kr. styrk hvort árið. Á skóla þessum hafa verið 1—2 mánaða námsskeið, hvert á fætur öðru, undanfarna vetur. Nefndin felst á, að þessi styrkur sje einnig veittur (B. IX).

Kvennaskólinn í Reykjavík hefir sótt um aukinn styrk sökum hækkandi húsaleigu. Nefndin felst á, að færa styrkinn til skólans (XI. 1.) úr 6700 kr. upp 7000 kr. hvort árið. Kostar þá skólinn landssjóð 9600 kr. á ári.

Viðvikjandi liðnum B. XII. (til almennrar barnafræðslu) vill nefndin taka þetta fram:

- a. Styrkinn til að reisa barnaskóla utan kaupsins vill hún fella burt í þetta sinn, fyrst og fremst af áðurnefndum sparnaðarástæðum (fjárkreppu). En jafnframt virðist nefndinni miður hyggilegt, að ráðist sje í byggingar skólahúsa einmitt þá, er alt byggingarefni og vinna er í óeðlilega háu verði sökum styrjaldarinnar, og getur ekki sjeð, að barnafræðslunni í landinu verði neitt verulegt tjón af því, þótt fyrirhuguðum skólabyggingum kynni að verða frestað um 2 ár sökum þessa.

b. Nefndin efast um, að framhaldskensla handa kennurum, hjer í Reykjavík, muni verða sótt eftirleiðis eins og framan af. Þar á móti koma fram umsóknir um utanfararstyrki handa kennurum og virðist nefndinni heppilegt, ef eftirleiðis yrði hægt að styðja að því, að sem flestir gætu fylgst með í kensluaðferðum í útlöndum, þar sem þær eru best við okkar hæfi. Nefndin gerir því þá tillögu, að liðnum sje skift í tvent, þannig að 1500 kr. á ári gangi til framhaldskenslu innanlands, svipað og áður, og 2000 kr. á ári til utanferða kennara. Ætlast hún til, að styrkurinn f. árið gangi til Steingríms kennara Arasonar, sem nú dvelur í Ameríku; ætlar hann að ganga á kennaraskóla þar og vera á kennarafundum, en lofar síðan að starfa við barnaskóla Reykjavíkur að sjer heilum og lifandi.

Um unglingskólana hefir nefndin ráðfært sig við fræðslumálastjóránn og gerir í samráði við hann lítilsháttar breytingartillögu við athugasemdina við liðinn (B. XIII. a.) þess efnis, að fjórir tilteknir skólar hafi 1500 kr. hver, ef jafnmikið er lagt á móti annarsstaðar frá, og að Núpsskólinn og Hvitárbrakkaskólinn, sem báðir hafa heimavistarpláss fyrir nemendur, fái að auki 30 kr. fyrir hvern nemanda, upp að vissu takmarki, hvor um sig.

Þá leggur nefndin til, að hækkaður sje styrkurinn til sundkenslu í Reykjavík (B. XVII. a.) Tilgangurinn með þeirri hækkun er að sundkennarinn, Páll Erlingsson, geti fengið fullkomna aðstoð Erlings sonar síns, til þess að hafa sundkensluna á hendi. Væntir nefndin, að Reykjavíkurbær stuðli að þessu jafnframt. Erlingur Pálsson hefir eins og kunnugt er fengið orð á sig sem sundmaður og numið erlendis nýrri og betri sundlistir en hjer hafa verið kendar, og er því mjög áriðandi, að fá notið kenslu hans.

Nefndin stingur upp á, að veita leikfimiskennara Birni Jakobssyni 500 kr. styrk fyrra árið til utanfarar, til þess, samkv. því sem segir í umsókn hans til þingsins,

»að nema erlendis nokkrar úti-íþróttir, sem geti átt við hjer á landi, t. d. hlaup, stökk, boglist, ýmiskonar köst og knattleika«. Björn er helsti íþróttakennarinn hjer í bænum, ver kröftum sínum til eflingar leikfimi og íþróttum og er vel látinn sem kennari.

Við 15. gr.

Herra Páll E. Ólason, sem um undanfarið skeið hefir haft á hendi að semja handritaskrá og framhald af spjaldskrá á landsbókasafninu, hefir skrifað nefndinni ítarlegt erindi 29. f. m. um það, hve nauðsynlegt sje að hraða því starfi meira áleiðis og vinna að því með óskiftari kröftum, en verið hefir og hægt er með því fje, 2000 kr. á ári, sem til þess er varið. Landsbókavörðurinn hefir og vikið að því sama í brjefi til nefndarinnar 9. þ. m. Nefndin felst á að liðurinn 1. g. sje hækkaður um 400 kr. hvort árið.

Herra Pjetur Zóphóniásson fer fram á, að landsbókasafninu sje veitt fje til kaupa á skákritum, og að taflfjelag Reykjavíkur mætti hafa hönd í bagga um þau bókakaup. Nefndin sjer eigi ástæðu til, að hækka liðinn til bóka- og handritakaupa, en sýnist rjett, að stjórn landsbókasafnsins veiti taflfjelagi Reykjavíkur tillögurjett um val skákrita.

Þegar fyrst var byrjað á að veita fje til að afskrifa og ljósmynda skjöl, er snerta Ísland í útlendum skjalasöfnum, var ekki gert ráð fyrir, að þetta yrði fastur og því síður sívaxandi liður í fjárlögum. Nefndin leggur því til, að lækka þennan lið ofan í hið sama og í núgildandi fjárl., eða 1000 kr. á ári (2. f.).

Nefndin sjer ekki að ráð sje á í þetta sinn, að kosta til viðgerðar á Þingvöllum, og leggur því til, að sá liður (3. f.) falli burt.

Fjárveitinguna til þess að gefa út landsyfrrjettardóma frá 1800—1873 vill nefndin spara í þetta sinn.

Nefndin felst á það fyrirkomulag, að styrkur til skálda- og listamanna sje veittur stjórninni til umráða í einu lagi. En hún ætlast þó til, að þetta verði eigi til þess, að svifta þá, sem um nokkur ár hafa haft persónulega veiting fyrir slíkum styrk, áframhaldi þar af á meðan þeir verja sjer að mestu til skáldskapar og listastarfsemi. Vill nefndin hjer með telja þá upp, og upphæð þá, sem hver þeirra mætti treysta á:

1. Einar Hjörleifsson skáld	1200 kr. á ári
2. Valdimar Briem skáld	800 — - —
3. Guðmundur Magnússon skáld	1000 — - —
4. Guðmundur Guðmundsson skáld	1000 — - —
5. Guðmundur Friðjónsson skáld	600 — - —
6. Einar Jónsson myndasmiður	1500 — - —

Ennfremur ætlast nefndin til, að Ríkarði Jónssyni sje af þessum lið ætlaðar 1000 kr. til Rómaferðar, sem endurveiting fyrir það, er stendur í núgildandi fjárlögum, og hann getur eigi notað á árinu, sökum styrjaldarinnar. Þetta nemur samantlagt 7100 kr. fyrra árið, og 6100 kr. hið síðara. Hyggur nefndin, að óþarfi sje að hafa þennan lið hærri en 9000 kr. á ári, og leggur því til að hann lækki um 5000 kr. hvort árið. Ýms erindi hafa komið til nefndarinnar frá listamönnum og listamannaefnum, sem nú ganga til stjórnarinnar. Vill hún leyfa sjer þar að mæla með styrk til Jóhanns skálds Sigurjónssonar og sómuleiðis til málara Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaskólann í Kaupmannahöfn.

Nefndin leggur til, að Steingr. Jónssyni (prests Steingrímssonar) sje veittur 800 kr. styrkur, til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn (stundar rafmagnsfræði). Það er framhald af styrk, er hann fær á núgildandi fjárlögum. Maður þessi þykir sjerlega efnilegur, en er fátækur, og á engan að, er getur styrkt hann svo mikið, að hann fái lokið náminu.

Þá vill og nefndin veita Laufeyju Valdimarsdóttur framhaldsstyrk, 600 kr. hvort árið, til þess að stunda málfræðisnám við Kaupmannahafnarháskóla. — Ástæðan sú, að hún hefir eigi hlotið Garðstyrk, fremur en aðrir kvenstúdentar, og að hennar námsgrein er eigi kend á Háskólanum hjer heima. Það upphæð styrksins, alls með þessu, jafnast á við 4 ára Garðstyrk, má ekki vænta, að frekara framhald verði.

Vilhelm Jakobsson hefir sótt um 1200 kr. styrk, til þess að fullnuma sig í hraðritun, sjerstaklega íslenskri hraðritun, það er, laga hraðritunarkerfið eftir íslenskri tungu. Hann hefir þegar numið hraðritun í eitt ár og mun þurfa annað árið til, svo að fyrirætlun hans náist. Nefndin lítur svo á, að full nauðsyn sje til þess, að fullkomin kensla í íslenskri hraðritun verði fánleg hjer í Reykjavík,

og leggur því til, að honum sje veittur 800 kr. styrkur fyrra árið, enda fylgir styrknum sú skuldbinding, að hann þegar á eftir kenni hraðritun hjer í Reykjavík.

Jóhann Kristjánsson ættfræðingur hefir sótt um 1200 kr. hvort árið til þess að rannsaka og semja ítarlega skýrslu um allar gjafir, sjóði og guðspakka-fje, sem fyr og síðar hefir verið gefið eða stofnað hjer á landi, svo og meðferð þess. Hann hefir þegar af eigin hvötum rannsakað talsvert í þessa átt, og fundið margt athugavert. Nefndin telur mikilsvert og að líkindum mörgum kærkomið, að sem bestar upplýsingar fáist í þessu efni. Nefndin leggur því til, að 600 kr. sje veittar í þessu skyni hvort árið.

Próf. Ágúst H. Bjarnason sækir enn um 600 kr. styrk hvort árið, til þess að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans«. Nú eru þegar komin út 4 bindi af yfirliti þessu og er þá eitt eftir: »Róm í heiðnum og kristnum sið«. Nefndin leggur til, að umbeðinn styrkur sje veittur og skírskotar til eldri ástæðna.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til dr. phil. Helga Pjeturss sje hafður sá sami og er í gildandi fjárlögum, 1800 kr. á ári. Erindi hans um 3000 kr. styrk á ári treysti nefndin sjer eigi til að taka til greina.

Stórstúka Goodtemplara á Íslandi sótti um 2000 kr. styrk hvort árið, til þess að styðja að því, að bannlögin sjeu haldin, og að fyrirbyggja með öllu heiðarlegu móti, að þau verði aþnumin. Meiri hluti nefndarinnar vill sinna beiðni þessari að nokkru, og leggur nefndin því til, að 1000 kr. sje veittar hvort árið.

Við 16. gr.

Stjórn Búnaðarfjelags Íslands hafði farið þess á leit við landsstjórnina, áður en hún samdi fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarp, að hinn árlegi styrkur til fjelagsins væri færður upp um 2000 kr., og færði þá ástæðu, að þarfir fjelagsins færur sívaxandi, en styrkurinn hefði nú um hrið staðið mjög í stað. Á þetta fjelst landsstjórnin ekki, og leitar nú stjórn Búnaðarfjelagsins til fjárlaganefndarinnar um þetta mál með brjefi 23. f. m. Nefndinni virðist ekki rjett að ganga út frá því að starf Búnaðarfjelagsins standi í stað árum saman, jafn-mikilsverð verkefni og það hefir með höndum fyrir framtíð þessa lands. Auk þess er á það að líta, að hver krónan er minna virði nú en fyrir fáum árum. Enn er það, að Búnaðarfjelag Íslands hefur bæði nú og áður bent þinginu á, að brýna nauðsyn bæri til, að fenginn væri í þjónustu landsins vel mentaður sjerfræðingur í öllu því, er lýtur að áveitum til ræktunar (Kulturtekniker), og farið fram á, að fje væri veitt í því skyni. Nefndin felst á, að full þörf er á slíkum manni, þar sem verkefni fyrir hann hljóta að vera afarmikil, svo sem á Suðurlandsundirlendinu og víðar, en telur eðlilegast, að Búnaðarfjelag Íslands sjálft sje sjer í útvegum um þennan mann, þar sem starf hans beinlínis og eingöngu lýtur að búnaði. Með tilliti til alls þessa verður nefndin að fallast á þessa málaleitun fjelagsins, og leggur því til, að hún sje að fullu tekin til greina.

Aftur á móti virðist meiri hluta nefndarinnar ekki ósanngjarnt, að í þetta sinn sje kipt burtu styrknum til búnaðarfjelaga. Eftir öllum horfum verður þetta vandræðaár að veltiári fyrir landbúnaðinn vegna þess háa verðs, sem nú er á öllum afurðum. Ætti þetta háa verð að vera meiri uppörvun til búnaðarframfara heldur en þessi styrkur, sem víðast hvar mun brytjaður svo smátt, að hann dregur lítið hverjum einstökum. Nefndin leggur því til, að 2. liður falli

burt, en vill þó taka vara fyrir því, að þetta verði skilið á þá leið, að slík fjárveiting sem þessi eigi að falla til fulls burtu af fjárlögum, heldur vill hún skoða þetta sem bráðabirgðaráðstöfun, miðaða við árferði.

Þótt nefndin hafi ekki viljað leggja það til, að fjárveitingin í 3. lið b (Miklavatnsáveitan) falli burt, þá er hún engan veginn laus við allan geig við þetta fyrirtæki vegna þeirrar reynslu, sem enn er fengin. En nefndin verður að treysta landsstjórninni og verkfræðingunum til þess að hjer verði ekki lagt í nýjan kostnað nema full trygging sje fyrir því að nægilegt vatn fáist og tilraunin um not jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum.

Fjárlaganefndin átti tal við verkfræðing landsins um vatnsvirki þau, sem fyrirhuguð hafa verið til þess að fyrirbyggja skemdir af völdum Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu. Sýndi hann nefndinni nákvæman uppdrátt af landsvæði því, er undir skemdunum liggur. Verður það hverjum manni ljóst, sem nokkra hugmynd hefur um staðhætti þar eystra, að hjer er um að tefla frjósamt land og mik-ið. Hjer er um það að tefla bæði að bjarga því landi, sem enn er óeytt, en þó í hættu, og eigi síður að vinna það land, sem nú er eyðilagt. Verkfræð-ingurinn tjáði nefndinni, að hann teldi gerlegt að koma á sémilega tryggum vörnum fyrir ágangi vatnsins og jafnframt svo þýðingarmikið, að það stæði með fremstu fyrirtækjum þessa lands. Hefur hann með brjefi til fjárlaganefndarinnar (sjá fylgiskjal II) lýst þeirri tilhögun, sem hann hugsar sjer á framkvæmdunum. Þar sem nú bráðlega er von á ábyggilegri áætlun um fyrirkomulag og kostnað vatnsvirkjanna og ráðinn er verkfræðingur vegna þessara starfa, þá virðist nefnd-inni rjett að leggja nú þegar á þessu fjárhagstímabili fje til byrjunar á þessu fyrirtæki og ræður því til að veittar sjeu í þessu skyni 15000 kr. síðara árið.

Í núgildandi fjárlögum er veitt til skógræktar 14000 kr. fyrra árið og 10000 kr. síðara árið, auk launa skógræktarstjóra. Í fjárveitingu fyrra ársins er falin 4000 kr. fjárupphæð til þess að girða Vatnaskóg á Hvalfjarðarströnd. Nefndinni virðist ekki, eins og á stendur, að lagt verði í nein þvilík fyrirtæki nú, enda hefur landsstjórnin eigi bent í þá átt. Þess vegna ræður nefndin til, að liðurinn sje lækkaður niður í 10000 kr. hvort árið.

Í 16. gr. 8 g. núgildandi fjárlaga er veittur 900 kr. styrkur til þess að gefa út dýralækningabók. Nefndinni er kunnugt að bók þessi verður, ef til vill, eigi svo langt á leið komin við lok þessa árs að styrkurinn verði útborgaður og leggur því til að upphæðin verði endurveitt.

Stjórn Búnaðarfjelags Íslands hefir ritað Alþingi þess efnis, að koma gerlarannsóknarstofu Gísla gerlafræðings Guðmundssonar fyrir sem deild í efnarannsóknarstofu landsins. Hefir Gísli boðist til að láta áhöld sín af höndum til þessa með mjög góðum kjörum, með því móti að hann verði ráðinn til gerlarannsókn-anna fyrir ákveðin árslaun, 1500 kr. Bæði búnaðarþing og búnaðarfjelagsstjórn mæla kröftuglega með þessu og sómuleiðis forstöðumaður efnarannsóknarstof-unnar og loks landlæknirinn. Gísli hefir sýnt hinn mesta áhuga á þessu starfi og erlendis fengið marga vitnisburði, sem hæfur forstöðumaður fyrir gerlarannsóknarstofu. Nefndin verður að telja það vel ráðið, að auka á þennan hátt efnarannsóknarstofu landsins og leggur því til, að fjárveitingar til þessa sjeu teknar upp í fjárlögin nú. — Áætlað er, eftir fyrri reynslu, að talsverðar tekjur verði af gerlarannsóknum, er renni til stofnunarinnar og jafnframt er víst að einhverjar

tekjur eru af hinum almennu efnarannsóknnum, er að líkindum hafa gengið til efnis og áhaldakaupa. Til þess að nákvæmari grein verði gerð fyrir þessu eftirleiðis, vill nefndin að tekjur stofnunarinnar komi í tekjudálk landsreikningsins, en ofanefnd gjöld á sinn stað útgjaldamegin, eða þá að tekjurnar sjeu sýndar sem frádráttur á kostnaði stofnunarinnar, eins og á sjer stað um geðveikrahælið.

Jóhann Fr. Kristjánsson fer fram á það við Alþingi, að laun sin fyrir leiðbeiningar um húsagerð til sveita, verði færð úr 1000 kr. upp í 1600 kr. Beiðni sinni til stuðnings skýrir hann meðal annars frá, að tekjur sínar næstliðið ár hafi alls numið 1400 kr., en útgjöld, þrátt fyrir allan sparnað 1800 kr. Sömuleiðis að brjeflegar leiðbeiningar fari stöðugt vaxandi. Nefndin telur sanngirni að verða við þessari málaleitun að nokkru og leggur til að færa launin upp í 1200 kr. hvort árið.

Ýmsar umsóknir hafa komið til fjárlaganefndarinnar um styrk til náms erlendis í verklegum efnnum, svo sem skipasmíði, vjelasmíði o. fl. og virðist nefndinni ekki undanfæri að sinna þessu að nokkru. Leggur nefndin til að 13. liður sje hækkaður upp í 4000 kr. hvort árið og fyrirsögn liðsins breytt þannig, að hann verði öllu víðtækari en áður. Mælir nefndin með að þessir umsækjendur verði teknir til greina:

Magnús Guðmundsson skipasmiður	með 1200 kr. f. á.
Guðmundur P. Jónsson (nú í Kaupm.h.)	— 600 — f. á.
Eggert Vilhjálmsson Briem	— 600 — f. á.
Guðmundur Ágústsson frá Birtingaholti	— 600 — s. á.

Stjórn Fiskifjelags Íslands sækir um hækkun á styrk upp í 20,000 kr. á ári og lætur meðal annars fylgja nákvæma sundurliðaða áætlun um útgjöld fjelagsins eins og hún var samþykkt á fiskiþinginu í sumar, svo og fleiri skjöl og skýrslur. Það er hvorttveggja, að fjelag þetta hefir mikið verkefni, enda er það og í talsverðri framför, og virðist nefndinni því rjett að verða við óskum þess að mestu og leggur því til að styrkurinn sje hækkaður upp í 18,000 kr. hvort árið.

Sama fjelag hefir sótt um 8000 kr. á ári handa erindreka erlendis, er hafi með höndum útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði. Þetta er til framhalds þeim styrk, sem veittur er í gildandi fjárlögum, 4000 kr. gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Nú treystir fjelagið sjer eigi til þess að afla sjer neinna teljandi framlaga móti landssjóðsstyrknum. Sýnir það, að lítil samheldni er á meðal útflytjenda sjávarafurða. Eigi að síður vill nefndin sinna þessu málefni og leggur til að jafnhár styrkur sje veittur sem í núgildandi fjárlögum, sem sje 4000 kr. hvort árið, en nemur skilyrðið fyrir framlagi á móti, í burtu til þess að gera fjelaginu hægra um vik, að hagnýta sjer styrkinn.

Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir í núgildandi fjárlögum 4000 kr. styrk til verslunarerindreka, eins og kunnugt er. Enn fremur hefir sambandið 500 kr. árl. styrk til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap. Hvorugt þetta hefir stjórnin tekið upp í fjárlagafrumvarpið. Sambandið hefir nú ákveðið í samlögum við Sláturfjelag Suðurlands að halda erindreka eftirleiðis án styrks úr landssjóði, en sækir aftur á móti um 1000 kr. árl. styrk til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap og halda uppi námskeiði í bókfærslu og starfrækslu slíkra fjelaga. Nefndin hefir fallist á að veita þennan styrk gegn 500 kr. framlagi annarsstaðar frá.

Þar sem að lög um ullarmat eru afgreidd frá Alþingi, telur nefndin sjálf-sagt að 19. liður verði að breytast, þannig að í staðinn fyrir til leiðbeiningar í ullarverkun, komi laun ullarmatsmanna, samkv. lögurum, og hæfileg fjárhæð til ferðakostnaðar, sem nefndin áætla 200 kr. á ári til jafnaðar handa hverjum.

Heimilisiðnaðarfjelag Íslands í Reykjavík, sækir um 2500 kr. f. á. og 2000 kr. s. á., sem styrk úr landssjóði. Á því er enginn vafi, að nokkur hreyfing er að vakna hjer á landi í þá átt að lifga við aftur heimilisiðnað og gangi sú hreyfing í rjetta átt, getur hún haft ómetanlega þýðingu fyrir velmegun og menningu þjóðarinnar. Vill því nefndin sinna þessari málaleitun að nokkru, en fjelag þetta er of ungt og óreynt til þess að nefndin treysti sjer til þess að verða við um-sókninni að öllu leyti, en leggur til að styrkurinn til fjelagsins sje færður upp í 1000 kr. á ári.

Stjórn sambands U. M. F. Í. sækir um aukinn styrk, 3500 kr. hv. á., til eflingar ungmennafjelagsskapnum og störfum hans. En störf fjelagsskaparins eru aðallega talin, skógrækt, íþróttir, alþýðufræðsla og útbreiðsla ungmennafjelagsskaparins. Nefndin leggur til að hinn árlegi styrkur sje færður upp í 2500 kr. h. á.

Nefndin sjer enga ástæðu til að hafa styrkinn til ábúandans á Hraun-tanga hærri en 100 kr. hv. ár, eða jafnan því sem hann er síðara árið í nügild-andi fjárlögum.

Umsjónarmaður áfengiskaupa fer fram á helmings hækkun á árslaunum sinum fyrir starfið, eða að þau sjeu hækkuð upp í 1200 kr. Eftir skýrslu hans um starfið viðurkennir nefndin að núverandi laun hans eru of lág og leggur til að þau sjeu hækkuð upp í 900 kr. á ári.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu tilkynnir að sýslunefndin í Norður-Ísafjarð-arsýslu hafi á síðasta aðalfundi sínum samþykkt, »að skora á Alþingi að veita á næstu fjárlögum 30,000 kr. til framhalds brimbrjótsins í Bolungarvík«. Jafnframt hefir þinginu borist brjef frá Th. Krabbe landsverkfræðing ásamt uppdrætti af brimbrjótnum eins og hann hugsar sjer hann fullgerðan. Giskar hann á að fram-lenging brimbrjótsins, frá því sem hann væntanlega verður kominn í haust, kosti alls um 225 þús. kr. Stjórnin leggur til að 10,000 kr. h.v. á. sje lagt fram til brimbrjótsins, en tekur ekki upp skilyrði um framlag á móti. Af brjefi sýslu-mannsins verður ekki neitt ráðið um það, hvort sýslunefndin hefir ætlast til að styrkurinn fengist skilyrðislaust eða ekki, og samkvæmt því væri eðlilegast að styrkurinn væri feldur burtu að þessu sinni. Nefndin vill þó ekki leggja til að styrkurinn sje feldur burtu, en meiri hlutinn vill að sömu skilyrði sje sett og í nügildandi fjárlögum.

Þingmaður Austur-Skaftfellinga hefir, vegna Öræfinga, sótt um 5000 kr. styrk, til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða. Rannsókn hefir verið byrjuð á þessu fyrirtæki, en eigi gerð svo fullkomin enn þá, að fullnaðaráætlun liggja fyrir, en lausleg ágiskun landsverkfræðingsins, sem er um það, að 5000 kr. ásamt rif-legum vinnuframlögum Öræfinga, muni duga. Nefndin telur það svo mikilsvert, ef sémileg bátalending fengist á þessum stað, að hún leggur til að styrkurinn sje veittur síðara árið. En hún væntir þess, að stjórnin útborgi ekki styrkinn nema ábyggileg áætlun sýni, að hann nægi að viðbættum þeim framlögum, sem vænta má að hlutaðeigendur geti lagt fram á móti.

Kaupfjelag Hjeraðsbúa í Múlasýslum, sækir um 5000 kr. styrk til haf-skipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð og fylgir uppdráttur af hinni fyrirhug-

uðu bryggju. Áætlaður kostnaður er 10500 kr., og verður því framlag annarsstaðar að rúmur helmingur kostnaðar. Nefndin leggur til, að hinn umbeðni styrkur sje veittur. En út af því, að hún leggur hjer til um blutfallslega hærra framlag úr landssjóði en venja er til, vill hún taka það fram, að það er eingöngu fyrir þá sök, að landssjóður á lóðina umhverfis og nýtur því þeirrar verðhækkunar, sem að öllu sjálfráðu verður af völdum bryggjunnar, svo og þeirra lóðargjalda, sem smámsaman koma við aukna bygð á þessum stað, því Búðareyri (eign landssjóðs) er eini staðurinn við botn Reyðarfjarðar, sem bygð getur aukist á að nokkrum mun.

Umsóknir hafa komið frá hlutaðeigandi hjeruðum um uppmælingu á innsiglingu og höfn að Borgarnesi í Mýrasýslu og Skógarnesi í Hnappadalssýslu. Áætlun um kostnaðinn liggur eigi fyrir, en eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir frekast getað fengið, mun kostnaðurinn á báðum þessum stöðum eigi fara fram úr 5000 kr. Þetta er svo mikilsvert samgöngumál, einkum vegna Borgarness, að nefndin telur sjálfsgagt að sinna því, og leggur því til, að 5000 kr. verði veittar síðara árið í þessu skyni.

Við 18. gr.

Stjórnarráðið hefir beint til fjárlaganefndar, erindi frá ekkjufrú Ástu Þórarinsdóttur, ekkju sjera Benedikts Kristjánssonar frá Grenjaðarstað. Ekkjan hafði gert sjer vísa von um 300 kr. eftirlaun á ári, með því tekjur manns hennar, um nokkur síðustu ár prestsskapar hans voru yfir 3000 kr. af prestakallinu. En við úrskurð á eftirlaununum var farið eftir mati á tekjum brauðsins 1899, er þá voru metnar innan við 3000 kr. nettó, með því að árgjald hvíldi á brauðinu. Stjórnarráðið hefir úrskurðað eftirlaunin kr. 170,04, en virðist því þó meðmælt, að úr þessu sje bætt, og biskup mælir með því, að uppbót sje veitt, svo að eftirlaunin standi í 300 kr., eins og orðið hefði, ef við síðara mat hefði verið miðað. Þessu er nefndin sammála.

Fjöldi áskorana hefir borist til þingsins úr Árnessýslu um það, að veita fyrverandi hjeraðslækni Ásgeiri Blöndal full læknislaun — 1500 kr. — að eftirlaunum. Hann hefur ekki einungis reynst ágætur læknir, heldur óvenjulega ósjerplæginn og vægur í viðskiftum og einkum við fátæka menn, svo að þetta hefir skert mjög efni hans alla jafna. Auk þess hefir hann átt við heilsubrest að stríða og af þeim ástæðum orðið að segja af sjer embætti og sleppa atvinnu sinni fyr en venja er til. Þrátt fyrir það, þótt nefndin viðurkenni þessar ástæður rjettar, treystir hún sjer ekki til að mæla með að það verði upp tekið, að borga full laun að eftirlaunum. En hún leggur til, að þessum manni sje í viðurkenningar-skyni veittar 250 kr. sem viðbót við eftirlaun.

Þá gerir nefndin tillögu um það, að ekkjum tveggja nafnkunnra manna er dáíð hafa á þessu ári, sje í heiðursskyni við menn þeirra veittur ekkjustyrkur. Það eru: Guðlaug Zakaríasdóttir, ekkja Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, sem nefndin vill ætla 360 kr. á ári, og Jakobína Pjetursdóttir, ekkja Jóns Stefánssonar á Litluströnd (Þorgils gjallanda) 200 kr. Hvorug ekkjan hefir sótt til þingsins um eftirlaun. En þar sem nefndinni er kunnugt um, að þær eru báðar efnalitlar og á gamals aldri, þykir henni tilhlýðilegt, að þingið ótilkvatt sýni minningu manna þeirra virðingu á þennan hátt.

Tveir póstar hafa að þessu sinni sótt um eftirlaun úr landssjóði: Árni

Gíslason, er fyr var vestanpóstur yfir 20 ár, en ljet af póstferðum fyrir 10 árum. Hann er 62 ára og orðinn heilsuþjálfur og fjelaus, en hefir ekki fyr en nú sótt um eftirlaun. Hinn er Bjarni Ketilsson, sem til skamms tíma hefir verið póstur á einhverri erfiðustu póstleið: á milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða. Hann hefir verið póstur 18 ár og er nú farinn að heilsu og fjelaus. Báðir hafa þeir meðmæli póstmeistara og fleiri góðra manna. Það hefir nú þegar verið viðurkennt af fjárveitingarvaldinu, að þeim sem slíta sjer út á jafn erfiðum alþjóðarstörfum, og póstferðir eru hjer á landi, beri öðrum fremur styrkur í elli sinni. Nefndin leggur því til, að ofanefndum póstum sje veittur 300 kr. styrkur hvorum.

Eggert Brandsson sjómaður hefir sótt um 2—300 kr. árlegan styrk. Hann varð fyrir því slysi veturinn 1902, er hann var að bjarga seglum í stórsjó, að mölbrjóta á sjer annan handlegginn, svo að eigi varð settur saman. Hefir hann síðan orðið að hafa handlegginn í umbúðum, en jafnan unnið fyrir sjer við sjómensku þrátt fyrir þau óþægindi og kvalir, sem af þessu hafa stafað. Nú er hann orðinn svo aðfram kominn, að hann getur tæplega unnið fyrir sjer lengur. Nefndin telur mann þenna hafa sýnt einkennilega mikið þol og dug til að bjarga sjálfum sjer og heimili sínu án nokkurs styrks af sveitarsjóði, að mjög sje virðingarvert, og vill því mæla með 150 kr. árlegum styrk úr landssjóði til hans.

Af þeim, sem nafngreindir eru í 18. gr., eru dánir: Gísli póstur Eiríksson með 200 kr. eftirlaun og Torfi Bjarnason með 1500 kr. og falla þessar upphæðir að sjálfsögðu burtu. Að öðru leyti er og nefndinni kunnugt um, að af þeim, sem taldir eru til eftirlauna í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið, bls. 70—74, eru tvær ekkjur, sem nú eru látnar, og nema eftirlaun þeirra samtals kr. 838,27, og hefir þetta áhrif á aðalupphæðina í 18. gr., sem nefndin þó eigi rótar við, þar sem að eins er um áætlaða upphæð að ræða, sem fer eftir atkvæðagreiðslu í deildinni.

Við 21. gr.

Við þessa grein gerir nefndin nokkrar viðaukatillögur. Fyrst og fremst er þar að minnast á nokkrar lánsheimildir fyrir stjórnina, sem samtals nema allmiklu fje. Um þær má í stuttu máli segja, að þær sje þýðingarlitlar, eins og við horfir nú, enda vill nefndin taka það skýrt fram, að í þeim er engin skuldbinding fólgin fyrir stjórnina til þess að taka til útlána nokkurn eyri frá lögmaeltum gjöldum landsins, eða þeim úrræðum, sem stjórnin ef til vill verður neydd til að taka landsmönnum til bjargar. Að öðru leyti mun verða gerð grein fyrir þessum lánsheimildum í framsögunni.

Þó leggur nefndin það til, að lánskjörum gagnvart ullarverksmiðjunni Gefjunni á Akureyri verði breytt í hagkvæmara horf fyrir verksmiðjuna. Eins og afborgunarkjörunum er háttað nú ($\frac{1}{15}$ lánsins borgist á ári), eru þau ókleif fyrir verksmiðjuna, jafnvel þótt hún standi sig vel, af því hlutfje hennar er ekki nema um $\frac{1}{4}$ af öllum höfuðstólnum. Auk þess er árferði nú fyrir verksmiðjuna svo ilt, að telja má vel fara, ef hún dregur upp án allra afborgana af skuldum. Hins vegar virðast skuldir verksmiðjunnar við landssjóð vel tryggðar með 1. veðrjetti í verksmiðjunni sjálfri fyrir minna láninu (50,000 kr.) og ábyrgð sýslufjelags Eyfirðinga og bæjarfjelags Akureyrar fyrir hinu stærra (60,000 kr.). En tryggingin lakaðist strax við það, ef óþyrmilegar afborganir ræki verksmiðjuna nú upp á sker. Nefndinni virðist því ráðlegast, að verða við óskum hlutaðeig-

enda um bætt afborgunarkjör, samkvæmt því sem viðaukatillaga nefndarinnar hljóðar.

Það er samkvæmt tillögu ráðherra við nefndina, að hún ber fram heimildina til að kaupa Melkotslóðina. Vætanlega verður talsvert af lóðinni haft til þess eins að auka prýði og þægindi á lóð ráðherrahússins, en nokkurn hluta mun að líkindum mega selja fyrir ekki lægra verð en lóðin er seld landssjóði.

Tveir læknar hafa sótt til Alþingis um leiðrjetting á eftirlaunum sínum. Fyrir báðum stóð svo á, að þeir voru »aukalæknar« áður en þeir fengu embætti með konungsveitingu og eftirlaunarjetti. Annar þeirra, Bjarni Jensson, hefir verið læknir full 30 ár, en þar af 3 ár aukalæknir, og af því stafar að hann náði ekki fullum eftirlaunum, heldur skorti 75 kr. til (í 1000 kr.). Björn Blöndal hefir verið læknir alls í 25 ár, þar af aukalæknir frá 1890—1901 og síðan hjeraðslæknir, en ekki með eftirlaunarjetti (konungsveitingu) nema frá 1908, eða 7 ár. Nefndinni virðist í alla staði sanngjarnt, að hinum fyrnefnda sje reiknuð eftirlaun fyrir læknisþjónustu í full 30 ár, en hinum síðarnefnda frá því hann varð hjeraðslæknir 1901.

Landsímastjórinn hefir stungið upp á því við nefndina, að stjórninni væri veitt heimild til þess að taka lán í því augnamiði að kaupa til bæjarsímans í Reykjavík svokallaðan »Kvart-automat«, og segist landsímastjóranum svo frá, að þetta spari símavinnu og annan kostnað á stöðinni svo að nemi ca. 3500 kr. á ári. En stofnkostnaðurinn nemur um 60—65 þús. krónur að meðtöldum nýjum talfærum til allra notenda. Á móti því sparast 2 ný skiftiborð sem mundu kosta 10.000 kr. og öll talfærin (um 600) sem nú eru brúkuð og hægt er að koma í not og nokkurt verð. Nefndin hyggur, að þetta sje beinlínis arðvænlegt fyrir símann, og leggur því til að nefnd heimild sje veitt í fjárlögunum.

Alþingi 13. ágúst 1915.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Pjetur Jónsson,
skrifari.

Björn Kristjánsson.

Eggert Pálsson.

Sigurður Sigurðsson.

Skúli Thoroddsen.

Pórarinn Benediktsson.

Fylgiskjal I.

Heilsuhælið á Víflsstöðum.

A.

Áætlaður árskostnaður við rekstur heilsuhælisins á Víflsstöðum 1916--1917.

I. Laun	kr. 11004
II. Matur (handa 97 manns, kr. 1,05 á dag)	— 37175,25
III. Lyf og hjúkrunargögn.	— 2368
IV. Þvottur og ræsting	— 1300
V. Eldiviður og ljósmatur	— 13500
VI. Viðhald húsa.	— 1500
VII. Viðhald vjela..	— 1000
VIII. Skattar og vátrygging... ..	— 1200
IX. Jarð- og skógrækt og vegir	— 1800
X. Húsbúnaður og áhöld..	— 2200
XI. Flutningskostnaður	— 900
XII. Ritföng, talsími og ýmisl. fleira	— 1200
Samtals	kr. 75147,25

Áætlaðar tekjur:

Meðlag með 67 sjúkl. (kr. 1,40 á dag)... ..	kr. 34237
— — 5 — (— 2,25 - —)... ..	— 4106,25
Tekjur af jarð- og svínarækt	— 1400
Samtals	kr. 39743,25

Athugasemdir við áætlunina og samanburður á hinum einstöku liðum, eins og þeir hafa verið árin 1911—1914.

I. Laun starfsmanna:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	8244,38	9702,10	10333,87	10452,55

Laun starfsmanna hafa því farið stöðugt hækkandi. Ómögulegt að fá vinnufólk fyrir jafnlágt kaup og fyrstu árin, og þar að auki orðið að bæta við 2—3 vinnukonum, með því að vinnukraftur sá, sem í byrjun var, reyndist alt of lítill. Laun annara starfsmanna hefir yfirstjórnin einnig orðið að hækka að mun. Þannig fjekk ráðsmaður npphaflega í kaup kr. 600, vjelamaður kr. 500, yfirhjúkrunarkona 720, ráðskona 400.

Nú eru laun starfsfólksins sem nú skal greina.

Læknir	kr. 3400
Ráðsmaður	— 1080
Vjelamaður	— 900
Yfirhjúkrunarkona... ..	— 800
Ráðskona... ..	— 600
2 hjúkrunarkonur (á 300)	— 600
1 hjúkrunarnemi	— 120
1 vökukona	— 180
3 vinnukonur (á 180)	— 540
11 vinnukonur (á 144)... ..	— 1584
1 vinnumaður... ..	— 400
1 vinnumaður... ..	— 300

Samtals kr. 10504

Þar að auki má gera ráð fyrir 300 kr. til aukavinnu, sem sje til ræstingarkvænna til höfuðræstingar einu sinni á ári, til hjúkrunarkonu í sumarleyfi hjúkrunarkvænna og í sjúkdómsforföllum starfsfólks o. fl.

Ennfremur skulu laun læknis hækka 1. jan. 1916 um 200 kr., samkvæmt skipunarskjali hans. (Launin voru í byrjun 3000 kr., en skyldu hækka um 200 kr. 2. hv. ár, upp í 4000 kr.

Allur launaliðurinn verður því kr. 11004.

II. Matur:

Ár. 1911	1912	1913	1914
Kr. 27124,10	31636,04	34988,01	37159,83

Frá þessari upphæð gengur nokkuð fyrir seldar matvörur og selt fæði til gesta og daglaunamanna. Sú upphæð var hæst árið 1914, nl. kr. 1436,75, og verða því hin eiginlegu útgjöld það ár að eins 35723,08. Fæðisdagar sjúklinga og starfsfólks var þá að samtöldu 36680. Kostaði því fæðið á dag 97,6 au.

Það getur varla hjá því farið að fæðið verði dýrara þetta yfirstandandi ár, og virðist óvarlegt að gera fæðið fyrir næsta fjárhagstímabil minna en kr. 1,05 á dag. Verður sá liður því kr. 37175,25 á ári.

III. Lyf og hjúkrunargögn:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 2104,38	2836,06	2048,94	2393,69

Frá þessu dregst það sem sjúkl. hafa endurgoldið fyrir hitamæla og hrákaglös, og var það árið 1914 kr. 425,55, svo þá verða hin eiginlegu útgjöld kr. 1968,14.

Við þetta bætist árleg útgjöld til Röntgenstækja, sem jeg geri 400 kr. Geri jeg því árskostnaðinn kr. 2368.

IV. Þvottur og ræsting:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 949,33	1020,30	1305,45	1247,50

V. Eldiviður og ljósmatur:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	7097,36	9622,45	11370,16	10195,37

Þennan lið áætla jeg kr. 13500. Auðvitað er sú áætlun nokkuð út í bláinn, en gera má að minsta kosti ráð fyrir, að kolaverð verði geypihátt nú í sumar komandi.

VI. Viðhald húsa:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	715,37	1102,26	1372,42	1241,56

Með því ekki má dragast lengur að kalka húsið að utan, mála glugga o. fl., áætla jeg þennan lið kr. 1500.

VII. Viðhald vjela:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	236,56	825,53	1029,39	1197,22

Jeg hefi að eins áætlað 1000 kr., með því að búist er við að ýmsar viðgerðir á mótornum verði minni.

VIII. Skattar og váttrygging:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	800,57	1000,31	940,58	1201,53

IX. Jarð- og skógrækt og vegir:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	552,75	1211,95	1611,91	1882,35

X. Húsbúnaður og áhöld:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	2640,02	2318,24	1851,49	2476,69

XI. Flutningskostnaður:

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	736,06	650,42	819,02	1059,49

Flutningskostnaður eru hestar, fóður, vagnar, aktygi o. fl.

XII. Ritföng, talsími og ýmsl. fl.

Ár	1911	1912	1913	1914
Kr.	518,58	1455,29	605,13	1025,78

Tekjur.

Jeg hef gert ráð fyrir 72 sjúkl. á dag til uppjafnaðar.

Til samanburðar:

Ár..	1911	1912	1913	1914
Sjúkl. á dag	...	67,7	71,5	70,3	73,6		

Tekjur af jarð- og svínarækt áætla jeg kr. 1400 (fyrir utan það hey, sem fer til hesta hælísins). Þetta er þó nokkru minna en tekjurnar voru árið 1914, en það ár var tún óvenjuvel spröttið. Þá var selt hey og slægjur fyrir kr. 1523,37, og fyrir grísi innkom 620 kr. 40 a.

Tekjuhallinn verður þá kr. 35404,00. Þar við bætist afborganir og rentur af lánum, og mun gjaldkeri Heilsuhælisfjeldagsins láta í tje skýrslu þar að lútandi.

Annars virðist mjer geta komið til mála að hækka meðlag sjúklinga. Þetta lága meðlag sjúklinga var miðað við verðlagið þegar heilsuhælið var stofnað. Ef meðlagið væri hækkað upp í kr. 1,75 á dag, þá er þó þessi hækkan ekki tiltölulega eins mikil eins og reksturskostnaðurinn hefur orðið hærri.

Með þessari 35 au. hækkan á dag yrðu tekjurnar þannig:

Meðlag með 67 sjúkl. (kr. 1,75 á dag)	kr. 42796,25
— — 5 — — 2,60 - —)	— 4765,00
Tekjur af jarð- og svinarækt	— 1400,00

Samtals kr. 48941,25

Tekjuhalli yrði þó að eins kr. 26206 (auk afborgana og renta).

Þó að landssjóður tæki að sjer hælið, tel jeg víst að Heilsuhælisfjeldagið myndi halda áfram og myndi það þá styrkja fátæka sjúklinga til heilsuhælisvistar.

Að endingu vil jeg minnst á það að hælið mundi eflaust græða á því að hafa kúabú, en auðvitað hefði það nokkurn kostnað í för með sjer í fyrstu (bústofn, fjós og hlaða). En jeg vil ekki fara fram á þetta að þessu sinni, því það er annað sem er enn nauðsynlegra, nl. *deild fyrir berklaveik börn á Vífilsstöðum*. Börnum er ekki hægt að veita móttöku hjer, eins og nú stendur á, því þau þurfa að vera í alveg sjerstakri deild og ekki innan um fullorðna. Á slíkri deild er hin brýnasta nauðsyn. Það er stöðugt verið að biðja fyrir börn hjer, sem því miður verður að úthýsa. Baráttan við berklaveikina er ekki í viðunanlegu horfi, nema slík deild sje sett á stofn.

Deildinni mætti koma fyrir í þeim hluta hælisins, sem læknir hefur nú, en byggja hús fyrir hann. Deildin mundi þá rúma 15—16 börn. Öll sú breyting mundi kosta, að álitu hr. Rögnvaldar Ólafssonar byggingarmeistara 20—22 þús. krónur (með öllum útbúnaði).

Jeg vil því leggja til, að farið sje fram á, að þingið veiti 22 þús. kr. til slíks fyrirtækis.

Jeg hef athugað reksturskostnað slíkrar deildar, og hef komist að þeirri niðurstöðu, að reksturskostnaður hælisins mundi ekki hækka við þetta, jafnvel þótt meðlag barnanna væri ekki hærri en fullorðnir borga nú.

Vífilsstöðum 15. apríl 1915.

Sig. Magnússon.

B.

Skýrsla um eignir og skuldir heilsuhælisins á Vífilsstöðum 1. ágúst 1915.

Eignir:

1. Húseignin sjálf með öllu múr- og naglföstu og öðru tilbeyrandi	kr. 285000,00
2. Innanstokksmunir og áhöld ýmiskonar... ..	— 35000,00
3. Útistandandi skuldir hjá sjúklingum (1. júlí).	— 8505,36
4. Matvæla- og eldiviðarbirgðir (29. júlí)	— 2356,40
5. Eyðslufje í sjóði hjá fjeirði (í innlánsbók og bankavaxtabrjefi)	— 116,52
Samtals	kr. 330978,28

Skuldir:

1. Skuld við Bikuben í Kaupmannahöfn (11. júní þ. á.)	kr. 144769,16
2. Skuld við landssjóð með ógreiddum vöxtum	— 85125,00
3. Skuld við Landsbankann...	— 22500,00
4. Skuld við Íslandsbanka:	
a.	kr. 22500,00
b.	— 4000,00
c.	— 1500,00
	— 28000,00
5. Skuld við Rögnvald Ólafsson, með vöxtum til 1. ágúst 1915...	— 1262,67
6. Kolaskuld til verslunar Björns sál. Guðmundssonar...	— 2702,93
7. Mjólkurskuld og búðarskuldir fyrir vörur keyptar í júlímán- uði, áætlaðar.	— 1500,00
Eignir umfram skuldir	— 45118,52
Samtals	kr. 330978,28

Athugasemdir:

A. Eignaliðir:

Verð það, sem hér er sett á húseignir, innanstokksmuni og áhöld, er einskonar virðingarverð, miðað annarsvegar við það, hvað alt þetta hefur kostað upphaflega — áætlað verð á gjafamunum — og verið aukið og endurbætt, og hinsvegar við fyrningu, rýrnun og slit (innanstokksmunir, áhöld o. fl.).

Eignirnar eru vátrygðar þannig;

a. Heilsuhælisbyggingin sjálf fyrir... ..	kr. 200000,00
b. Húsbúnaður allur, áhöld og birgðir (þar á meðal eldiviður) lðgjald $2\frac{1}{2}\%$, gjalddagi 15. sept.	— 50000,00
c. Hesthús og hlaða, sambygð (úr steini og steinsteypu) fyrir lðgjald $2\frac{1}{2}\%$, gjalddagi 7. febr.	— 3300,00
d. Samanbygðir timburskúrar (hesthús, hlaða, hæsnahús og kolageymsluhús) fyrir	— 4200,00
lðgjald 5% , gjalddagi 7. febr.	

B. Skuldaliðir:

Skuldin við Bikuben var upphaflega 150,000 kr., tekin til 50 ára gegn 1. veðrjetti í hælínu og ábyrgð landssjóðs. Á ári hverju greiðast 7500 kr. — helmingur 11. júní, helmingur 11. desbr. — í afborgun og vexti, sem eru $4\frac{1}{2}\%$ p. a.

Skuldin við landssjóð (höfuðstóll 75000 kr.) var stofnuð 28. ágúst 1912 upp úr eldri lánum. Vextir aldrei greiddir síðan og eru nú áfallnir og reiknaðir fyrir 3 ár (til 28. ágúst næstkomandi).

Fyrir skuldinni við Landsbankann og fyrstnefndu skuldinni við Íslandsbanka (tölul. 4 a.), sem hvorttveggja eru víxilskuldir, er ábyrgð lands-sjóðs. Falla víxlarnir í gjalddaga 8. oktbr. næstkomandi.

Hinar tvær skuldirnar við Íslandsbanka (tölul. 4 b. og c), sem nú eru samtals 5500 kr., eru einnig víxilskuldir, sem falla í gjalddaga sama dag. Fyrir þessum víxlum er persónuleg ábyrgð okkar þriggja, sem erum í framkvæmdarnefnd heilsuhælisfélagsins.

Skuldin við Rögnvald Ólafsson er eftirstöðvar af byggingarkostnaði. Rögnvaldur skuldar aftur á móti talsvert (full 600 kr.) fyrir dvöl á hælínu, og er sú upphæð innifalin í eignalið 3.

Reykjavík, 4. ágúst 1915.

G. Björnson. Sighvatur Bjarnason.

C.

Skýrsla um fjó, sem gefið hefir verið til heilsuhælisfélagsins í sjerstöku augnamiði, og sem ekki má skerða.

- | | | |
|--|------|-------------|
| 1. Gjóf frá ónefndum »barnavinum« til að »koma upp sjerstakri deild á Vífilsstöðum fyrir berklaveik börn«. Gjafafjeð var upphaflega 100 kr. Er nú | kr. | 112,97 |
| 2. Gjóf frá Aubertin, dönskum kaupmanni, að upphæð 2000 kr. Er nú... | — | 2240,13 |
| Um þessa gjóf voru þau ein ákvæði gerð, að höfuðstól mætti ekki skerða, en að öðru leyti skyldi yfirstjórn hælisins vera fullráð um það, hvernig fjenu skyldi varið. | | |
| 3. Eftirstöðvar af 1000 kr. gjóf frá Baðhúsi Reykjavíkur til skógræktar kring um hélið ... | — | 9,44 |
| 4. Gjóf frá Sigríði sál. Ásgeirsson í Kaupmannahöfn (1000 kr.). Nú.. | — | 1085,40 |
| Um þessa gjóf gilda þau ákvæði, að höfuðstól má ekki skerða, en »vöxtunum skal varið til að styrkja sjúklinga á hælínu, sem ekki eru á sveit«. | | |
| 5. Gjóf frá Gísla Brynjólfssyni í Churchbridge í Canada (1000 kr.), en er nú ... | — | 1015,78 |
| | Flyt | kr. 4463,72 |

Flutt kr. 4463,72

» $\frac{3}{4}$ af vöxtunum leggist til heilsuhælisins árlega, en $\frac{1}{4}$ bætist við höfuðstól til ársins 1956, þá fær hælið $\frac{3}{4}$ af þeirri upphæð, sem sjóðurinn þá er orðinn — umfram höfuðstól —, en $\frac{1}{4}$ legst við höfuðstól á sama hátt og áður«.

6. »Berklaveikissjóðurinn Þorbjörg«, stofnaður af hjónunum Thor Jensen, kaupmanni í Reykjavík, og konu hans Margrjeti Þorbjörgu, með 6000 kr. í hlutabréfum »Eimskipafjelags Íslands« og 400 kr. í peningum. Nú — 6403,56

Skipulagsskrá sjóðsins hefir hlotið konungs-staðfestingu 15. apríl þ. á. og er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtum af honum skal varið til að styrkja til lækninga hjer á landi berklaveikt fólk, bæði til dvalar á berklahæli og á annan hátt. Styrk má þó eigi veita þeim, sem eru á fátækraframsfæri.

Þeim 400 kr., sem gefnar voru í peningum, má þó verja til styrkveitinga árið 1915.

7. »Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur«. Stofnfjeð var kr. 4278,28, en sjóðurinn er nú — 4414,62

Skipulagsskrá sjóðsins hefir fengið konungs-staðfestingu 15. apríl þ. á. og er auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna.

»Þegar sjóðurinn hefir náð 5000 kr., skal verja $\frac{4}{5}$ hlutum árlegra vaxta til þess að styrkja einn eða fleiri sjúklinga, er til hælisins (þ. e. heilsuhælisins) leita, en $\frac{1}{5}$ vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn«.

8. »Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar«. Stofnfjeð er 400 kr., en er nú að meðtöldum vöxtum til ársloka 1913 — 432,01

»Sjóðurinn ávaxtast í söfnunarsjóði, legst $\frac{1}{4}$ árlega við höfuðstól, en $\frac{3}{4}$ greiðist stjórn heilsuhælisins á Vifilsstöðum.

Þegar útborgaðir vextir sjóðsins nema 50 kr., skal verja þeirri upphæð til styrktar einhverjum einum sjúkling á hæl-inu«.

Skipulagsskrá sjóðsins hefir fengið konungs-staðfestingu 11. nóv. 1912.

I upphæðunum undir tölul. 1.—7. hjer að framan eru innifaldir vextir til 30. júní þ. á.

Alt fje það, sem ræðir um undir tölul. 1.—8. stendur undir stjórn og umsjón yfirstjórnar heilsuhælisfjelagsins.

Auk fjár þess, sem hjer er talið, og sem alls er að upphæð — 15713,91
er til enn einn gjafasjóður:

9. Minningarsjóður Kristjáns Jónssonar læknis« — 10000,00
(Skipulagsskrá Stjtið. 1911, B, bls. 126).

»Höfuðstól má aldrei skerða, en vöxtunum skal varið til að veita einum þurfandi sjúkling, í einu, sjúkravist á einbýlistofu. Afgangur af vöxtum leggist við höfuðstól. Styrknjótandi má eigi vera á sveit.

Þessi sjóður stendur undir yfirumsjón landsstjórnar, en hefir þó sjerstaka stjórn: Yfirlækni hælising, biskup og einn af stofnendum sjóðsins (þ. e. Geir Zoëga kaupmaður og systkini Kristjáns sáluga).

Reykjavík, 5. ágúst 1915.

G. Björnson. Sighvatur Bjarnason.

Fylgiskjal II.

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS.

Reykjavík, 6. ágúst 1915.

Fjárlaganefnd neðri deildar Alþingis hefir í dag óskað eftir því, að jeg ljeti í ljósi álit mitt um það, hver þörf sje á fjárveitingu á næsta fjárhagstímabili til að stemma stigu fyrir skemdum af völdum Þverár í Rangárvallasýslu, og til hverra framkvæmda slíkrí fjárveitingu mundi verða varið.

Út af þessu leyfi jeg mjer hjer með að gefu hinu háa Stjórnarráði skýrslu um þessi atriði, með tilmælum um að skýrslan verði birt fjárlaganefndinni.

Geir Zoëga verkfræðingur er nú sem stendur við mælingar í Rangárvallasýslu til undirbúnings fullnaðaráætlun um verk þetta. Er þegar svo langt komið, að telja má víst að meginhluti verksins verður garður, 2800 metra langur, frá Þórólfsfelli til suðausturs, og mun garður þessi beina öllu vatni Markarfljóts úr farvegi Þverár og í farveg fljótsins sjálfs. Kostnaðaráætlun um garð þennan hefir ekki verið gerð enn þá, en ef til vill er mögulegt að ljúka við hana áður en fjárlögin fyrir 1916—17 verða afgreidd frá Alþingi.

Áður en þetta mannvirki verður gert, má til að tryggja það svo sem unt er, að ekki hljótist skemdir af Markarfljóti eftir að vatninu hefir verið veitt í það. Það er ekki unt enn þá að leggja fram áætlun um þær tryggingarráðstafanir, en búast má við að þær verði einkum þessar:

1. Að lengja varnargarðinn hjá Seljalandi, sem gerður var 1910 til varnar gegn því, að Markarfljót færi austur með Eyjafjöllum. Eyfellingar hafa boðist til að kosta lengingu garðsins að hálfu, en hinn helminginn mun landssjóður þurfa að leggja til.
2. Sennilega þarf að leggja nokkuð í kostnað kringum Stóra-Dímon, til þess að

tryggja það, að ekki fari óhæfilega mikið af vatnsmegni Markarfljóts í svo nefnda Ála, þegar garðurinn hjá Þórólfsfelli er kominn.

3. Og loks þarf ef til vill að gera einhverjar ráðstafanir til varnar skemdum á Merkurbæjum, austan Fljótsins, en naumast verður þar um stórvægilegar ráðstafanir að ræða.

Ef lokið er við þessar tryggingarráðstafanir á fjárhagstímabilinu 1616—17, mætti framkvæma aðalverkið 1918, og landsstjórnin hefir þó nægan tíma til að undirbúa samninga við alla hlutaðeigendur um þáttöku í kostnaðinum. En ef ekki er fjárveiting fyrir hendi til tryggingaráðstafana á næsta tjárhagstímabili, þá hlýtur aðalverkið að frestast nm eitt ár að minsta kosti, því að ekki verður hvorutveggja lokið á einu ári. Auk þess verður afstaða landsstjórnarinnar við samninga-umleitanirnar miklu erfiðari, ef hún hefir ekki umráð yfir neinni fjárveitingu til þess að framkvæma tryggingarráðstafanirnar, því að búast má við tregðu til þátttöku í kostnaðinum, og jafnvel beinni mótstöðu gegn aðalfyrirtækinu, af hálfu þeirra, sem eiga að fá vatnið í nábyli við sig, nema þeir sjái að alvara sje í því, að þeir verði trygðir gegn skemdum af breytingunni.

Eins og áður hefir verið látið í ljósi, bæði af mjer og öðrum, þá eru skemdir þær, sem stafa af Þverá, eins og vötnin falla nú, svo afar miklar, að jeg tel brýna nauðsyn að láta ekki dragast nema sem allra skemst framkvæmdir til bóta. Og þess vegna verð jeg að telja það nauðsynlegt, að veitt sje á næsta fjárhagstímabili fje til framkvæmda þeirra, er að ofan er getið um, þótt ekki liggji fyrir áætlun um kostnaðinn, og mun ekki þurfa að tiltaka hærri upphæð en jeg gerði i brjefi mínu til Stjórnarráðsins 29. des. f. á., en það voru 15,000 kr.

Jón Þorláksson.

Til
Stjórnarráðs Íslands.